

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Vestfjarða 20. apríl 2009 í máli nr. S-6/2009:

Ákærvaldið

(Daði Kristjánsson, settur saksóknari)

gegn

X

(Björn Jóhannesson hrl.)

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 24. mars sl., höfðaði ríkissaksóknari með ákæru 18. febrúar 2009 á hendur ákærða, X, kt. ..., til heimilis að ...;

„fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa fimmtudaginn 7. ágúst 2008, á lögreglustöðinni Hafnarstræti 1, Ísafjarðarbæ, bitið lögreglumanninn Y, sem var við skyldustörf, í hægri hendi, með þeim afleiðingum að hann hlaut grunna rispu á hægri þumalfingri og væga bólgu umhverfis sárið.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 101/1976 og 1. gr. laga nr. 25/2007.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu Y, kt. ..., er krafist skaðabóta að fjárhæð kr. 313.198, auk vaxta samkvæmt 88. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 7. ágúst 2008 til 1. október 2008 en síðan dráttarvaxta til greiðsludags.“

Af hálfu ákærða er gerð sú krafa að málinu verði vísað frá dómi, auk þess að sakarkostnaður þess, að meðtöldum hæfilegum málsvarnarlaunum verjanda til handa, verði felldur á ríkissjóð.

Ákærvaldið krefst þess að frávísunarkröfu ákærða verði hrundið og málið tekið til efnismeðferðar.

I.

Frávísunarkröfu sína byggir ákærði á 5. mgr. 26. gr., sbr. c- og g-liði 6. gr., laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Heldur ákærði því fram að ákærandi hafi verið

vanhæfur til að gefa út ákæru í málinu þar sem hann hafi komið að rannsókn vegna kærðu ákærða, mál lögreglu nr. 018-2008-4555, á hendur þeim þremur lögreglumönnum sem afskipti höfðu af honum fimmtudaginn 7. ágúst 2008. Þannig hafi ákærandi tekið skýrslu af ákærða vegna þess máls, sem og nefndum lögreglumönnum. Ennfremur hafi ákærandi tekið vitnaskýrslur af þremur öðrum lögreglumönnum vegna málsins. Rannsókn vegna kærðu ákærða hafi því að langmestu leyti verið á könnu ákæranda í máli þessu. Þá bendir ákærði sérstaklega á að mál vegna kærðu hans hafi ekki verið fellt niður fyrr en með bréfi ríkissaksóknara 6. mars sl., en þá hafi mál þetta þegar verið höfðað.

Við munnlegan málflutning nefndi verjandi ákærða sérstaklega sex atriði sem hann sagði þarfnast nánari skýringa við í málinu. Vegna þeirra sagði verjandi sennilegt að kalla þyrfti ákæranda til sem vitni í málinu. Samkvæmt því beri dómara að vísa málinu frá dómi, sbr. c-lið 1. mgr. 6. gr., sbr. 5. mgr. 26. gr., laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Verði það niðurstaða dómsins að c-liður 1. mgr. 6. gr. nr. 88/2008 um meðferð sakamála eigi hér ekki við segir ákærði allt að einu ljóst að ákærandi hafi verið vanhæfur til að höfða málið samkvæmt g-lið 1. mgr. 6. gr., sbr. 5. mgr. 26. gr., laganna. Ákærði hafi gefið vitnaskýrslu fyrir ákæranda vegna kærðu sinnar á hendur lögreglumönnum og með því í raun gefið vitnaskýrslu í eigin máli. Slíkt vinnulag standist ekki og valdi vanhæfi ákæranda, sbr. g-lið 1. mgr. 6. gr. laga um meðferð sakamála, og frávísun málsins, sbr. 5. mgr. 26. gr. laganna.

II.

Af hálfu ákæruvaldsins er kröfu um frávísun málsins mótmælt. Ákæruvaldið vísar til þess að samkvæmt 35. gr. lögregluglaga nr. 90/1996 skuli kærðu á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans beint til ríkissaksóknara sem fari með rannsókn málsins. Við meðferð slíkra mála geti ríkissaksóknari beitt þeim heimildum sem lögregla hafi endranær. Það sé því lögbundin skipan mála að ríkissaksóknari rannsaki mál af umræddu tagi og slík rannsókn geti því ekki valdið vanhæfi ákæranda. Þá tekur ákæruvaldið fram að í þeim tilvikum sem sækjandi í sakamáli verði vitni í málinu sé skipt um sækjanda. Það haggi hins vegar ekki útgáfu ákærunnar þó að sú aðstaða komi upp.

Ákæruvaldið bendir jafnframt á að ákærandi í máli þessu hafi ekki stýrt rannsókn á kærðumáli ákærða. Það hafi annar saksóknari við embætti ríkissaksóknara gert. Ákærandi hafi einungis tekið skýrslur af kærðu og vitnum samkvæmt fyrirmælum þess saksóknara. Hann hafi því engar ákvarðanir tekið í tengslum við kærðumálið.

Ennfremur bendir ákæruvaldið á að rannsóknargögn ákæranda í kærðumáli ákærða hafi ekki verið lögð fram í máli þessu, málatilbúnaði ákæruvaldsins til stuðnings, og þau hafi því hér enga þýðingu. Þá muni verjandi ákærða fá færi á að gagnsþyrja öll vitni við aðalmeðferð málsins. Aðkoma ákæranda að kærðumáli ákærða varði því mál þetta í engu.

Að endingu vísar ákæruvaldið til 2. og 3. mgr. 18. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála þar sem kveðið sé á um hlutverk og skyldur ákæranda.

III.

Í 1. málslið 5. mgr. 26. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála segir svo: „Nú hefur ákæra verið gefin út og skal dómari þá, annaðhvort að eigin frumkvæði eða samkvæmt kröfu aðila, vísa máli frá dómi ef hann telur að ákærandi hafi verið vanhæfur til að höfða málið ...“ Skýra verður ákvæði þetta með hliðsjón af 1.-3. mgr. sömu greinar. Verður ákærandi því talinn vanhæfur í skilningi 5. mgr. 26. gr. til að höfða mál væri hann vanhæfur til að fara með málið sem dómari skv. 6. gr. laganna.

Upplýst er að rannsókn máls þess er varðaði kæru ákærða á hendur þremur lögreglumönnum vegna meints harðræðis og illrar meðferðar í kjölfar handtöku hans 7. ágúst 2008 var í raun að langmestu leyti á hendi ákæranda, þó svo forræði rannsóknarinnar hafi verið á hendi annars saksóknara. Meðal þeirra skýrslna sem ákærandi tók var ítarleg vitnaskýrsla af kæranda, ákærða í máli þessu, 21. nóvember sl., sbr. framlagðan útdrátt úr skýrslunni.

Þó svo ráð sé fyrir því gert í 35. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 að embætti ríkissaksóknara fari með rannsókn mála vegna kæru á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot er það álit dómsins með vísan til g-liðar 1. mgr. 6. gr. laga nr. 88/2008 að vart fari saman að sami saksóknari rannsaki meint brot starfsmanns lögreglu gegn einstaklingi og taki ákvörðun um saksókn á hendur þeim manni vegna sömu atvika. Þá opnar það fyrirkomulag á þann möguleika að ákærandi verði af réttmætu tilefni kallaður til sem vitni í máli sem hann hefur höfðað. Að þessu virtu telst ákærandi hafa verið vanhæfur til að höfða mál þetta og er af þeim sökum fallist á frávísunarkröfu ákærða með vísan til c- og g-liða 1. mgr. 6. gr., sbr. 5. mgr. 26. gr., laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs verjanda ákærða, Björns Jóhannessonar hrl., sem hæfilega þykir ákveðin svo sem í úrskurðarorði greinir að virðisaukaskatti meðtöldum.

Úrskurð þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs verjanda ákærða, Björns Jóhannessonar hrl., 111.552 krónur.

Kristinn Halldórsson.